

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI DÝRALYFS

LEUCOFELIGEN FeLV/RCP frostþurrkað stungulyf og dreifa, dreifa handa köttum.

2. INNIHALDSLÝSING

Í hverjum 1 ml skammti:

Frostþurrkað þurrefni:

Virk innihaldsefni:

Lifandi veikluð kattakvefsveira (feline calicivirus) (F9 stofn)	$10^{4,6}-10^{6,1}$ CCID ₅₀ *
Lifandi veikluð kattaflensuveira (feline viral rhinotracheitis virus) (F2 stofn)	$10^{5,0}-10^{6,6}$ CCID ₅₀ *
Lifandi veikluð kattafársveira (feline panleucopenia virus) (LR 72 stofn)	$10^{3,7}-10^{4,5}$ CCID ₅₀ *

* Frumuræktaður smitandi skammtur 50%

Dreifa:

Virk innihaldsefni:

Hreinsaður p45 FeLV-hjúps mótefnavaki, að minnsta kosti	102 µg
---	--------

Ónæmisglæðar:

3% álhýdroxíðhlaup, tilgreint sem mg af Al ³⁺	1 mg
Hreinsaður útdráttur úr <i>Quillaja saponaria</i>	10 µg

Hjálparefni:

Hjálparefni og önnur innihaldsefni
Frostþurrkað þurrefni:
Gelatína
Kalíumhýdroxíð
Mjólkursykureinhýdrat
Glútamínsýra
Kalíumdíhýdrogenfosfat
Díkalíumfosfat
Vatn fyrir stungulyf
Natríumklóríð
Dínatríumfosfat
Dreifa:
Natríumklóríð
Dínatríumfosfat
Kalíumdíhýdrogenfosfat
Vatn fyrir stungulyf
Álhýdroxíðgel

Sjónrænt útlit:

Frostþurrkað þurrefni: Hvítur litur.

Dreifa: Ópallýsandi vökvi.

3. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

3.1 Markdýrategundir

Kettir.

3.2 Ábendingar fyrir notkun hjá markdýrategundum

Virk mótefnamyndun hjá köttum sem eru 8 vikna eða eldri gegn:

- kattakvefi (feline calicivirost), til að draga úr klínískum einkennum,
- kattaflensu (feline viral rhinotracheitis) af völdum veira, til að draga úr klínískum einkennum og útskilnaði (excretion) veira,
- kattafári (feline panleucopenia), til að koma í veg fyrir hvítfrumnafæð og til að draga úr klínískum einkennum,
- kattahvítblæði, til að koma í veg fyrir þráláta veirusýkingu í blóði og klínísk einkenni sjúkdóms af hennar völdum.

Ónæmi myndast:

- 3 vikum eftir fyrstu inndælingu grunnbólusetningar hvað varðar kattakvefsháttinn
- 3 vikum eftir grunnbólusetningu hvað varðar kattafárs- og hvítblæðisþættina.
- 4 vikum eftir grunnbólusetningu hvað varðar kattaflensuháttinn.

Ónæmi endist:

Eftir grunnbólusetningarlotuna endist ónæmi í eitt ár fyrir alla þætti.

Eftir fyrstu örvunarbólusetninguna einu ári eftir grunnbólusetningarlotuna hefur verið sýnt fram á ónæmi í 3 ár fyrir hvítblæðisþáttinn.

3.3 Frábendingar

Engar.

3.4 Sérstök varnaðarorð

Einungis skal bólusetja heilbrigð dýr.

Móðurborin mótefni, einkum mótefni gegn kattafársveiru, geta haft neikvæð áhrif á svörun við bólusetningu.

3.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

Sérstakar varúðarreglur til öruggrar notkunar hjá markdýrategundunum:

Mælt er með ormahreinsun að minnsta kosti 10 dögum fyrir bólusetningu.

Einungis skal bólusetja kattahvítblæðisveiru (FeLV) neikvæða ketti. Því er mælt með að fyrir bólusetningu sé rannsakað hvort FeLV er til staðar.

Kattakvefs (calici) og kattafárs (panleucopenia) veirustofnarnir í bóluefninu geta dreift sér. Sýnt hefur verið fram á að þessi dreifing hafði ekki í för með sér aukaverkanir hjá köttum sem hafa ekki verið bólusettir.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

Ef sá sem annast lyfjagjöf sprautar sig með dýrallyfinu fyrir slysi, skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýrallyfsins.

3.6 Aukaverkanir

Kettir:

Algengar (1 til 10 dýr / 100 dýrum sem fá meðferð):	Viðbrögð á stungustað ¹ , þroti á stungustað ¹ , bjúgur á stungustað ¹ , hnökri á stungustað ¹ Hækkaður líkamshiti ^{2,3} , sinnuleysi ³
--	---

	Meltingartruflanir ³
Mjög sjaldgæfar (1 til 10 dýr / 10.000 dýrum sem fá meðferð):	Verkur á stungustað ^{4, 5} Hnerri ⁵ Tárubólga ⁵
Koma örsjaldan fyrir (<1 dýr / 10.000 dýrum sem fá meðferð, þ.m.t. einstök tilvik):	Bráðaofnæmislost ⁶ Viðbrögð heilkennis holti með hita (febrile limping syndrome reactions) ⁷

¹Algengt er að í meðallagi alvarleg og tímabundin einkenni (≤ 2 cm) komi fyrir á stungustað eftir fyrstu inndælingu og þau ganga sjálfkrafa til baka innan 3 til 4 vikna í mesta lagi. Þegar lyfið er gefið með inndælingu öðru sinni og þaðan í frá eru þessi einkenni mun vægari.

²Varir í 1 til 4 daga.

³Skammvinn einkenni.

⁴Við þreifingu.

⁵Þetta gengur til baka án þess að meðferðar sé þörf.

⁶Komi fram bráðaofnæmislost skal veita viðeigandi meðferð í samræmi við einkenni.

⁷Geta örsjaldan komið fyrir hjá kettlingum, eins og greint hefur verið frá í birtum gögnum eftir notkun allra bóluefna sem innihalda kattakvefsveirupátt (Feline Calicivirus).

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýrallyfsins. Senda skal tilkynningar, helst gegnum dýralækni, til markaðsleyfishafans eða fulltrúa hans eða lyfjafyrivalda. Einnig má finna upplýsingar um viðeigandi tengiliði í fylgiseðlinum.

3.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

Ekki má nota lyfið handa kettlingafullum læðum.

Ekki er mælt með notkun lyfsins handa læðum með kettlinga á spena.

3.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Engar upplýsingar liggja fyrir um öryggi og verkun þessa bóluefnis þegar það er notað samtímis einhverju öðru dýrallyfi. Ákvörðun um notkun þessa bóluefnis fyrir eða eftir notkun einhvers annars dýrallyfs skal því tekin í hverju tilviki fyrir sig.

3.9 Íkomuleiðir og skammtar

Til notkunar undir húð.

Leysið upp einn skammt af frostþurrkaða þurrefninu með einum skammti af dreifu, hristið gætilega og gefið lyfið síðan án tafar.

Gefið einn skammt af bóluefninu (1 ml) með inndælingu undir húð í samræmi við eftirfarandi bólusetningaráætlun:

Grunnbólusetning (primary vaccination):

- Fyrsta inndæling eftir að kettlingar hafa náð 8 vikna aldri.
- Önnur inndæling 3 til 4 vikum síðar.

Móðurborin mótefni, sérstaklega þau sem eru gegn kattafársvírus, geta haft neikvæð áhrif á ónæmissvörun við bólusetningunni. Í þeim tilvikum þegar gera má ráð fyrir móðurbornum mótefnum, kann að vera rétt að bólusetja þriðja sinni þegar 15 vikna aldri er náð.

Endurbólusetning (revaccination):

Eftir fyrstu örvunarbólusetningu einu ári eftir grunnbólusetningarlotuna má framkvæma seinni bólusetningar með þriggja ára millibili fyrir hvítblæðisþáttinn.

Í þessu tilviki má, vegna þess að endurbólusetja þarf árlega fyrir veirubáttum kattakvefs, kattaflensu og kattafárs, nota stakan skammt af FELIGEN RCP árlega

Nota má bóluefnið til örvunar ónæmis (booster) hjá ketlingum og köttum sem hafa áður verið bólusettir með FELIGEN RCP og LEUCOGEN sitt í hvoru lagi.

3.10 Einkenni ofskömmtnar (bráðameðferð og móteitur þar sem það á við)

Ekki hefur orðið vart við neinar aukaverkanir eftir ofskömmtnun (10 skammtar af frostþurrkuðu þurrefni og 2 skammtar af dreifu) með dýrallyfinu, aðrar en þær sem nefndar eru í kafla 3.6, nema hvað varðar langvinnari staðbundin áhrif á stungustað (vara í 5 til 6 vikur í mesta lagi).

3.11 Sérstakar takmarkanir á notkun eða sérstakar forsendur fyrir notkun, þ.m.t. takmarkanir á notkun dýrallyfja gegn örverum og sníkjudýrum til þess að draga úr hættu á ónæmismyndun

Á ekki við.

3.12 Biðtími fyrir afurðanýtingu

Á ekki við.

4. ÓNÆMISFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

4.1 ATCvet kóði: QI06AH07.

Bóluefni gegn kattaflensuveiru (feline viral rhinotracheitis), kattakvefi (feline calicivirosis), kattafári (feline panleucopenia) og kattahvítblæði.

Bóluefnið inniheldur hreinsaðan p45 FeLV-hjúps mótefnavaka sem fenginn er með erfðafræðilegri raðbrigðatækni úr *E. coli* stofni. Í mótefnisvakadreifunni eru ónæmisglæðarnir álhýdroxíðhlaup og hreinsaður útdráttur úr *Quillaja saponaria*.

Fyrir hvítblæðisþáttinn kemur vörn gegn þrálátri veirublóðsýkingu fram hjá 73% katta þremur vikum eftir fyrstu bólusetningu þeirra.

5. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Ósamrýmanleiki sem skiptir máli

Ekki má blanda þessu dýrallyfi saman við önnur dýrallyf, því rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

5.2 Geymslupól

Geymslupól dýrallyfsins í söluumbúðum: 2 ár.

Geymslupól eftir blöndun samkvæmt leiðbeiningum : Notið strax.

5.3 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið og flytjið í kæli (2°C - 8°C).

Má ekki frjósa.

Verjið gegn ljósi.

5.4 Gerð og samsetning innri umbúða

Frostþurrkað þurrefni:

Hettuglas úr gleri af gerð I, sem inniheldur einn skammt af frostþurrkuðum, veikluðum lifandi veirupáttum, lokað með bútýlgúmmítappa úr teygjanlegri fjölliðu.

Dreifna:

Hettuglas úr gleri af gerð I, sem inniheldur einn skammt (1 ml) af vökva með ónæmisglæddu bóludefni, lokað með bútýlgúmmítappa sem er 13 mm í þvermál og gerður úr teygjanlegri fjölliðu og með álhettu.

Plast- eða pappaaskja sem í eru 10 hettuglös með frostþurrkuðu þurrefni og 10 hettuglös með dreifu. Plast- eða pappaaskja sem í eru 50 hettuglös með frostþurrkuðu þurrefni og 50 hettuglös með dreifu.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

5.5 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýrallyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi.

Ónotuðum dýrallyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á um viðkomandi dýrallyf í hverju landi.

6. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA

VIRBAC

7. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/09/097/001–002

8. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 25/06/2009.

9. DAGSETNING SÍÐUSTU ENDURSKOÐUNAR Á SAMANTEKTinni Á EIGINLEIKUM LYFS

{MM/ÁÁÁÁ}

10. FLOKKUN DÝRALYFSINS

Dýrallyfið er ávísunarskylt.

Ítarlegar upplýsingar um dýrallyfið eru birtar í [gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýrallyf](http://gagnagrunni.Evrópusambandsins.yfir.dýrallyf) (<http://medicines.health.europa.eu/veterinary>).

VIÐAUKI II

AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS

Engin.

VIÐAUKI III
ÁLETRANIR OG FYLGISEDILL

A. ÁLETRANIR

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

Askja sem í eru 10 eða 50 hettuglös með frostþurrkuðu þurrefni og 10 eða 50 hettuglös með dreifu

1. HEITI DÝRALYFS

LEUCOFELIGEN FeLV/RCP frostþurrkað stungulyf og dreifa, dreifa handa.

2. VIRK INNIHALDSEFNI

Í hverjum 1 ml skammti er:

Frostþurrkað þurrefni:

Virk innihaldsefni:

Lifandi veikluð kattakvefsveira (F9 stofn),

$10^{4,6}-10^{6,1}$ CCID₅₀*

Lifandi veikluð kattaflensuveira (F2 stofn),

$10^{5,0}-10^{6,6}$ CCID₅₀*

Lifandi veikluð kattaþársveira (LR 72 stofn),

$10^{3,7}-10^{4,5}$ CCID₅₀*

* Frumuræktaður smitandi skammtur 50%

Dreifa:

Virkt innihaldsefni:

Hreinsaður p45 FeLV-hjúps mótefnavaki, að minnsta kosti: 102 µg

3. PAKKINGASTÆRÐ

10 x 1 skammtur

50 x 1 skammtur

4. MARKDÝRATEGUNDIR

Kettir

5. ÁBENDINGAR

6. ÍKOMULEIÐIR

Til notkunar undir húð.

7. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

8. FYRNINGARDAGSETNING

Exp. {MM/ÁÁÁÁ}

Eftir blöndun skal nota lyfið strax.

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið og flytjið í kæli.
Má ekki frjósa.
Verjið gegn ljósi.

10. VARNADARORÐIN „LESIÐ FYLGISEÐILINN FYRIR NOTKUN“

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

11. VARNADARORÐIN „DÝRALYF“

Dýralyf.

12. VARNADARORÐIN „GEYMIÐ ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ“

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

13. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA

VIRBAC

14. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/09/097/001
EU/2/09/097/002

15. LOTUNÚMER

Lot {númer}

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á LITLUM INNRI UMBÚÐUM
HETTUGLAS MEÐ FROSTÞURRKUÐU STUNGULYFI

1. HEITI DÝRALYFS

LEUCOFELIGEN FeLV/RCP

2. MAGN VIRKRA INNIHALDSEFNA

RCP
1 skammtur

3. LOTUNÚMER

Lot {númer}

4. FYRNINGARDAGSETNING

Exp. {MM/ÁÁÁÁ}

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á LITLUM INNRI UMBÚÐUM HETTUGLAS MEÐ DREIFU

1. HEITI DÝRALYFS

LEUCOFELIGEN FeLV/RCP

2. MAGN VIRKRA INNIHALDSEFNA

102 µg FeLV
1 ml

3. LOTUNÚMER

Lot {númer}

4. FYRNINGARDAGSETNING

Exp. {MM/ÁÁÁÁ}

B. FYLGISEÐILL

FYLGISEDILL

1. Heiti dýrallyfs

LEUCOFELIGEN FeLV/RCP frostþurrkað stungulyf og dreifa, dreifa handa köttum.

2. Innihaldslýsing

Í hverjum 1 ml skammti er:

Frostþurrkað þurrefni:

Virk innihaldsefni:

Lifandi veikluð kattakvefsveira (feline calicivirus) (F9 stofn): $10^{4,6}-10^{6,1}$ CCID₅₀*

Lifandi veikluð kattaflensuveira (feline viral rhinotracheitis) (F2 stofn): $10^{5,0}-10^{6,6}$ CCID₅₀*

Lifandi veikluð kattafársveira (feline panleucopenia) (LR 72 stofn): $10^{3,7}-10^{4,5}$ CCID₅₀*

* Frumuræktaður smitandi skammtur 50%

Dreifa:

Virkt innihaldsefni:

Hreinsaður p45 FeLV-hjúps mótefnavaki, að minnsta kosti: 102 µg

Ónæmisglæðar:

3% álhýdroxíðhlaup, tilgreint sem mg af Al³⁺: 1 mg.

Hreinsaður útdráttur úr *Quillaja saponaria*: 10 µg

Frostþurrkað þurrefni: Hvítur litur.

Dreifa: Ópallýsandi vökvi.

3. Markdýrategundir

Kettir.

4. Ábendingar fyrir notkun

Virkt mótefnamyndun hjá köttum sem eru 8 vikna eða eldri gegn:

- kattakvefi (feline calicivirosis), til að draga úr klínískum einkennum.
- kattaflensu (feline viral rhinotracheitis) af völdum veira, til að draga úr klínískum einkennum og útskilnaði (excretion) veira.
- kattafári (feline panleucopenia), til að koma í veg fyrir hvítfrumnafæð og til að draga úr klínískum einkennum.
- kattahvítblæði, til að koma í veg fyrir þráláta veirusýkingu í blóði og klínísk einkenni sjúkdóms af hennar völdum.

Ónæmi myndast:

- 3 vikum eftir fyrstu inndælingu grunnbólusetningar hvað varðar kattakvefsþáttinn.
- 3 vikum eftir grunnbólusetningu hvað varðar kattafárs- og hvítblæðisþættina
- 4 vikum eftir grunnbólusetningu hvað varðar kattaflensuþáttinn.

Ónæmi endist:

Eftir grunnbólusetningarlotuna endist ónæmi í eitt ár fyrir alla þætti.

Eftir fyrstu örvunarbólusetninguna einu ári eftir grunnbólusetningarlötu hefur verið sýnt fram á ónæmi í 3 ár fyrir hvítblæðisþáttinn.

5. Frábendingar

Engar.

6. Sérstök varnaðarorð

Sérstök varnaðarorð:

Einungis skal bólusetja heilbrigð dýr.

Móðurborin mótefni, einkum mótefni gegn kattafársveiru, geta haft neikvæð áhrif á svörun við bólusetningu.

Sérstakar varúðarreglur til öruggrar notkunar hjá markdýrategundum:

Mælt er með ormahreinsun að minnsta kosti 10 dögum fyrir bólusetningu.

Einungis skal bólusetja kattahvítblæðisveiru (FeLV) neikvæða ketti. Því er mælt með að fyrir bólusetningu sé rannsakað hvort FeLV er til staðar.

Kattakvefs (calici)- og kattafárs (panleucopenia) veirustofnarnir í bóluefninu geta dreift sér. Sýnt hefur verið fram á að þessi dreifing hafði ekki í för með sér aukaverkanir hjá köttum sem hafa ekki verið bólusettir.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

Ef sá sem annast lyfjagjöf sprautar sig með dýrallyfinu fyrir slysi, skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýrallyfsins.

Meðganga og mjólkurgjöf:

Ekki má nota lyfið handa kettlingafullum læðum. Ekki er mælt með notkun lyfsins handa læðum með kettlinga á spena.

Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir:

Engar upplýsingar liggja fyrir um öryggi og verkun þessa bóluefnis við samtímis notkun neins annars dýrallyfs. Ákvörðun um notkun þessa bóluefnis fyrir eða eftir notkun einhvers annars dýrallyfs skal því tekin í hverju tilviki fyrir sig.

Ofskömmun:

Ekki hefur orðið vart við neinar aukaverkanir eftir ofskömmun (10 skammtar af frostþurrkuðu þurrefni og 2 skammtar af dreifu) með dýrallyfinu, aðrar en þær sem nefndar eru í kaflanum „aukaverkanir“, nema hvað varðar langvinnari staðbundin áhrif á stungustað (vara í 5 til 6 vikur í mesta lagi).

Ósamrýmanleiki sem skiptir máli:

Ekki má blanda þessu dýrallyfi saman við önnur dýrallyf, vegna þess að rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

7. Aukaverkanir

Kettir:

Algengar (1 til 10 dýr / 100 dýrum sem fá meðferð):
Viðbrögð á stungustað ¹ , þroti á stungustað ¹ , bjúgur á stungustað ¹ , hnökri á stungustað ¹

Hækkaður líkamshiti ^{2,3} , sinnuleysi ³ Meltingartruflanir ³
Mjög sjaldgæfar (1 til 10 dýr / 10.000 dýrum sem fá meðferð):
Verkur á stungustað ^{4,5} Hnerri ⁵ Tárubólga ⁵
Koma örsjaldan fyrir (<1 dýr / 10.000 dýrum sem fá meðferð, þ.m.t. einstök tilvik):
Bráðaofnæmislost (alvarleg ofnæmisviðbrögð) ⁶ Viðbrögð heilkennis holti með hita (febrile limping syndrome reactions) ⁷

¹Alengt er að í meðallagi alvarleg og tímabundin einkenni (≤ 2 cm) komi fyrir á stungustað eftir fyrstu inndælingu og þau ganga sjálfkrafa til baka innan 3 til 4 vikna í mesta lagi. Þegar lyfið er gefið með inndælingu öðru sinni og þaðan í frá eru þessi einkenni mun vægari.

²Varir í 1 til 4 daga.

³Skammvinn einkenni.

⁴Við þreifingu.

⁵Þetta gengur til baka án þess að meðferðar sé þörf.

⁶Komi fram bráðaofnæmislost skal veita viðeigandi meðferð í samræmi við einkenni.

⁷Geta örsjaldan komið fyrir hjá kettlingum, eins og greint hefur verið frá í birtum gögnum eftir notkun allra bóluefna sem innihalda kattakvefsveirupátt (Feline Calicivirus).

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýralýfsins. Byrja skal á að gera dýralækni viðvart ef vart verður einhverra aukaverkana, jafnvel aukaverkana sem eru ekki tilgreindar í fylgiseðlinum, eða ef svo virðist sem lyfið hafi ekki tilætluð áhrif. Það er líka hægt að tilkynna aukaverkanir til markaðsleyfishafans eða fulltrúa markaðsleyfishafans með því að nota upplýsingar um tengiliði sem eru aftast í fylgiseðlinum eða gegnum tilkynningakerfi lyfjafirvalda: {lýsing á kerfinu}.

8. Skammtar fyrir hverja dýrategund, íkomuleiðir og aðferð við lyfjagjöf

Til notkunar undir húð.

Gefið einn skammt (1 ml) af bóluefninu með inndælingu undir húð í samræmi við eftirfarandi bólusetningaráætlun:

Grunnbólusetning (primary vaccination):

- Fyrsta inndæling eftir að kettlingar hafa náð 8 vikna aldri.
- Önnur inndæling 3 til 4 vikum síðar.

Móðurborin mótefni, sérstaklega þau sem eru gegn kattafársvírus, geta haft neikvæð áhrif á ónæmissvörun við bólusetningunni. Í þeim tilvikum þegar gera má ráð fyrir móðurbornum mótefnum, kann að vera rétt að bólusetja þriðja sinni þegar 15 vikna aldri er náð.

Endurbólusetning (revaccination):

Eftir fyrstu örvunarbólusetningu einu ári eftir grunnbólusetningunarlötu má framkvæma seinni bólusetningar með þriggja ára millibili fyrir hvítblæðisþáttinn.

Í þessu tilviki má, vegna þess að endurbólusetja þarf árlega fyrir veirupáttum kattakvefs, kattaflensu og kattafárs, gefa stakan skammt af FELIGEN RCP árlega.

Nota má bóluefni til örvunar ónæmis hjá kettlingum og köttum sem hafa áður verið bólusettir með FELIGEN RCP og LEUCOGEN sitt í hvoru lagi.

9. Leiðbeiningar um rétta lyfjagjöf

Leysið upp einn skammt af frostþurrkaða þurrefninu með einum skammti (1 ml) af dreifu, hristið gætilega og gefið lyfið síðan án tafar.

10. Biðtími fyrir afurðanýtingu

Á ekki við.

11. Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið og flytjið í kæli (2°C - 8°C).

Má ekki frjósa.

Verjið gegn ljósi.

Ekki skal nota dýrallyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum á eftir Exp.

Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Geymsluþol eftir þynningu eða blöndun samkvæmt leiðbeiningum: Notið lyfið tafarlaust.

12. Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi.

Ónotuðum dýrallyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á um viðkomandi dýrallyf í hverju landi.

Markmiðið er að vernda umhverfið.

Leitið ráða hjá dýralækni um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota.

13. Flokkun dýrallyfsins

Dýrallyfið er ávísunarskylt.

14. Markaðsleyfisnúmer og pakkningastærðir

EU/2/09/097/001–002

Plast- eða pappaaskja sem í eru 10 hettuglös með frostþurrkuðu þurrefni og 10 hettuglös með dreifu.

Plast- eða pappaaskja sem í eru 50 hettuglös með frostþurrkuðu þurrefni og 50 hettuglös með dreifu.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

15. Dagsetning síðustu endurskoðunar fylgiseðilsins

{MM/ÁÁÁÁ}

Ítarlegar upplýsingar um dýrallyfið eru birtar í [gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýrallyf](https://medicines.health.europa.eu/veterinary) (<https://medicines.health.europa.eu/veterinary>).

16. Tengiliðaupplýsingar

Markaðsleyfishafi og framleiðandi sem er ábyrgur fyrir lokasamþykkt:

VIRBAC
1^{ère} avenue 2065 m LID
06516 Carros
FRAKKLANDI

Fulltrúar markaðsleyfishafa og tengiliðaupplýsingar til þess að tilkynna grun um aukaverkanir:

België/Belgique/Belgien
VIRBAC BELGIUM NV
Esperantolaan 4
BE-3001 Leuven
Tél/Tel : +32-(0)16 387 260
phv@virbac.be

Република България
САМ БС ЕООД
Бул. "Д-р Петър Дертлиев" 25, Търговски
център Лабиринт, ет. 5, офис САМ БС ЕООД
BG София 1335
Тел: +359 2 810 0173
sambs@sambs.bg

Česká republika
VIRBAC Czech Republic, s.r.o.
Žitavského 496
156 00 Praha 5
Tel.: +420 608 836 529

Danmark
VIRBAC Danmark A/S
Profilvervej 1
DK-6000 Kolding
Tlf: +45 75521244
virbac@virbac.dk

Deutschland
VIRBAC Tierarzneimittel GmbH
Rögen 20
DE-23843 Bad Oldesloe
Tel: +49-(4531) 805 111

Eesti
OÜ ZOOVETVARU
Uusaru 5
EE-76505 Saue/Harjumaa
Eesti
Tel: + 372 56480207
pv@zoovet.eu

Lietuva
OÜ ZOOVETVARU
Uusaru 5
EE-76505 Saue/Harjumaa
Eesti
Tel: + 372 56480207
pv@zoovet.eu

Luxembourg/Luxemburg
VIRBAC BELGIUM NV
Esperantolaan 4
BE-3001 Leuven
Belgique / Belgien
Tél/Tel: +32-(0)16 387 260
phv@virbac.be

Magyarország
VIRBAC HUNGARY KFT
Dózsa György út 84. B épület
HU-1068 Budapest
Tel: +36703387177
akos.csoman@virbac.hu

Malta
VIRBAC
1^{ère} avenue 2065 m LID
FR-06516 Carros
Franza
Tel: + 33-(0)4 92 08 73 00

Nederland
VIRBAC Nederland BV
Hermesweg 15
3771 ND-Barneveld
Tel : +31-(0)342 427 127
phv@virbac.nl

Norge
VIRBAC
13^e rue LID
FR-06517 Carros
Tél : +33-(0)805 05 55 55

Ελλάδα

VIRBAC ΕΛΛΑΣ ΜΟΝΟΠΡΟΣΩΠΗ Α.Ε.
13^ο χλμ Ε.Ο. Αθηνών - Λαμίας
EL-14452, Μεταμόρφωση
Τηλ: +30 2106219520
info@virbac.gr

España

VIRBAC ESPAÑA SA
Angel Guimerá 179-181
ES-08950 Esplugues de Llobregat (Barcelona)
Tel. : + 34-(0)93 470 79 40

France

VIRBAC France
13^e rue LID
FR-06517 Carros
Tél : +33-(0)805 05 55 55

Hrvatska

VIRBAC
1^{ère} avenue 2065 m LID
FR-06516 Carros
Francuska
Tel: + 33-(0)4 92 08 73 00

Ireland

VIRBAC IRELAND
McInerney & Saunders
38, Main Street Swords, Co Dublin
K67E0A2
Republic Of Ireland
Tel: +44 (0)-1359 243243

Ísland

VIRBAC
1^{ère} avenue 2065 m LID
FR-06516 Carros
Frakkland
Sími: + 33-(0)4 92 08 73 00

Italia

VIRBAC SRL
Via Ettore Bugatti, 15
IT-20142 Milano
Tel: + 39 02 40 92 47 1

Κύπρος

ΕΛΛΑΣ ΜΟΝΟΠΡΟΣΩΠΗ Α.Ε.
13^ο χλμ Ε.Ο. Αθηνών - Λαμίας
EL-14452, Μεταμόρφωση
Τηλ.: +30 2106219520
info@virbac.gr

Österreich

VIRBAC Österreich GmbH
Hildebrandgasse 27
A-1180 Wien
Tel: +43-(0)1-218 34 26-0

Polska

VIRBAC Sp. z o.o.
ul. Puławska 314
PL 02-819 Warszawa
Tel.: + 48 22 855 40 46

Portugal

VIRBAC de Portugal Laboratórios, Lda.
Rua do Centro Empresarial
Edif.13 - Piso 1 - Escrit.3
Quinta da Beloura
2710-693 Sintra (Portugal)
Tel: + 351 219 245 020

România

Altius SA
Str. Zăgazului nr. 21-25, Corp A, et 8 si 8A
Ap. A.8.2, sect 1, cod 014261, București,
Romania
Tel: + 40 21 310 88 80

Slovenija

VIRBAC
1^{ère} avenue 2065 m LID
FR-06516 Carros
Francija
Tel : + 33-(0)4 92 08 73 00

Slovenská republika

VIRBAC Czech Republic, s.r.o.
Žitavského 496
156 00 Praha 5
Tel.: +420 608 836 529

Suomi/Finland

BIOFARM OY
Yrittäjätie 20
FI-03600 Karkkila
Puh: +358-9-225 2560
haittavaikutukset@biofarm.fi

Sverige

VIRBAC
13^e rue LID
FR-06517 Carros
Tél : +33-(0)805 05 55 55

Latvija
OÜ ZOOVETVARU
Uusaru 5
EE-76505 Saue/Harjumaa
Eesti
Tel: + 372 56480207
pv@zoovet.eu

United Kingdom (Northern Ireland)
VIRBAC IRELAND
McInerney & Saunders
38, Main Street Swords, Co Dublin
K67E0A2
Republic Of Ireland
Tel: +44 (0)-1359 243243

Hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa á hverjum stað ef óskað er upplýsinga um lyfið.

17. Aðrar upplýsingar

Fyrir hvítblæðisþáttinn kemur vörn gegn þrálátri veirublóðsýkingu fram hjá 73% katta þremur vikum eftir fyrstu bólusetningu þeirra.